

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 1919, lög nr. 88 1938, og lög 111 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. marz 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fegrunarsjóð Skarðskirkjugarðs, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 22. marz 1963.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Fegrunarsjóð Skarðskirkjugarðs.**

### **1. gr.**

Sjóðurinn heitir Fegrunarsjóður Skarðskirkjugarðs og er hann stofnaður af Sigríði Einarsdóttur, húsfreyju í Skarði á Landi, til minningar um eiginmann hennar Kristin Guðnason hreppstjóra og bónda í Skarði, sem andaðist 6. september 1958.

### **2. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að fegra og prýða kirkjugarðinn í Skarði, meðal annars með þeim hætti, að hlúa að og bæta gróður í kirkjugarðinum og einnig að lagfæra og hirða legstaði, sem engir nánir aðstandendur eru til að sjá um.

### **3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 og má aldrei skerða þann höfuðstól. Sjóðurinn skal varðveitast í banka eða ríkistryggðum sparisjóði, einnig í ríkistryggðum skuldaþréfum. Tekjur sjóðsins skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það skal verja hálfum vöxtum samkvæmt 2. grein, en leggja afganginn af vöxtunum við sjóðinn, unz hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir það skal verja öllum vöxtunum í fyrrgreindum tilgangi.

### **4. gr.**

Aldrei má nota fé sjóðsins til þess að gera girðingu eða viðhalda girðingu utan um kirkjugarðinn eða til þess að stækka hann.

### **5. gr.**

Tekjur sjóðsins auk vaxta, eru hvers kyns gjafir, áheit og annað það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, t. d. með sölu minningarspjalda.

### **6. gr.**

Sóknarnefnd Skarðskirkjusóknar hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins. Skal ársreikningur hans ætíð fylgja reikningi Skarðskirkjugarðs. Sjóðsstjórn er heimilt að leggja tekjur að nokkru eða öllu við höfuðstól, er geymast til framkvæmda

síðar, ef henta þykir. Skipulagsskránni má breyta, ef hún engan veginn nær tilgangi sinnum, og skulu þá gera það formaður sóknarnefndar Skarðskirkjusóknar, sóknarprestur og prófastur Rangárvallaprófastsdæmis.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast staðfest af forseta Íslands og birt í B-deild Sjónartíðinda.

Skarði á Landi í marz 1963.

Í sóknarnefnd Skarðskirkjusóknar.

Guðni Kristinsson.

Gísli Kristjánsson.

Elsa D. Pálsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bláa Bandið í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. marz 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bláa Bandið í Reykjavík.

## 1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að koma upp og reka hjúkrunarstöðvar og dvalarheimili fyrir drykkjusjúkt fólk, sem af eigin hvötum vill leita sér lækninga á drykkjuskap sínum. Ákveða skal með reglugerð, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, alla nánari rekstrartilhögun stofnunarinnar og hjálparstöðva þeirra, sem hún kemur á fót og starfrækir.

## 2. gr.

Stofnendur Bláa Bandsins hafa lagt fram í peningum 100 þúsund krónur sem óafturkræft stofnframlag og taka þeir ekki á sig neinar fjárhagsskuldbindingar vegna stofnunarinnar umfram það fé, sem þeir hafa lagt fram í stofnsjóð.

## 3. gr.

Í félaginu „Bláa Bandið“, sem annast rekstur stofnunarinnar og er styrktarfélag hennar, skulu ávallt vera, samkvæmt stofnsamningi þess 25 menn — hvorki fleiri né færri — og hefur hver þeirra eitt atkvæði á félagsfundi. Þegar félagsmaður deyr eða hverfur úr félaginu af öðrum ástæðum, skulu þeir, sem eftir eru, velja mann í hans stað á næsta félagsfundi og er sá valinn, sem hlýtur minnst 15 atkvæði, ef val er ekki ágreiningslaust.

## 4. gr.

Aðalfundur Bláa Bandsins skal haldinn í aprilmánuði ár hvert og er hann lögmætur, ef hann hefur verið boðaður með ábyrgðarbréfi til hvers félagsmanns og auglýsingu í dagblaði í Reykjavík eða í ríkisútvarpinu.

Á aðalfundi skal gefa skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, samþykkja endurskoðaða reikninga hennar, kjósa stofnuninni stjórn og afgreiða önnur nauðsynleg mál, er fyrir liggja og stofnunina varða.